

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 16.02.2016
1602057 IE

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 259. mál, þskj. 284, lþ. 145.

Velferðarnefnd Alþingis hefur farið þess á leit við Jafnréttisstofu að stofnunin veiti umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, 259. mál, þskj. 284, lþ. 145.

Með frumvarpinu er lagt til að dagvinnutímar í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 35 og að jafnaði skuli unnar 7 klukkustundir á dag í dagvinnu, mánudaga til föstudaga. Flutningsfólk frumvarpsins segir að markmiðið með því sé að „auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi...“ Kjör eiga ekki að skerðast við þessa breytingu sem lögð er til.

Í skýrslunni *Karlar og jafnrétti. Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum*, sem velferðarráðuneytið gaf út árið 2013 er fjallað um styttingu vinnuvikunnar og sett fram tillaga um að vinna að því, sjá bls. 30-33. Þar segir m.a.

Á vinnufundum og í umræðum, starfshópsins um karla og jafnrétti, var nokkur áhersla lögð á tengslin milli lífsgæða og atvinnu. Sérstaklega var rætt um tengslin milli styttri vinnutíma, þ.e. fjölda vinnustunda í vinnuviku, tegundir þeirra starfa sem karlar starfa við og möguleika karla til jafnrar þátttöku bæði á heimili og í tengslum við uppeldi barna.

Styttri vinnutími snýr ekki einvörðungu að því að auka möguleika fólks til að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Stytting vinnuvikunnar snýr að mörgum grundvallar spurningum um íslenskan vinnumarkað og samfélagsgerð. Stytting vinnuvikunnar kallar á svör við spurningum um virði vinnunnar og virði þess tíma sem fólk vill eiga utan vinnu. Markviss þátttaka þeirra aðila í samfélaginu sem ákvarða lengd vinnuvikunnar er nauðsynleg til þess að fjallað verði um breyttar áherslur – styttri vinnuviku. Óháð því hvernig við svörum þessum spurningum er ljóst að styttri vinnuvika kann að hafa áhrif á möguleika karla og kvenna til að samræma vinnu og fjölskyldu og gefur fyrirheit um aukna möguleika karla til jafnari þátttöku á heimili og við uppeldi barna.



Jafnréttisstofa

Umræður um tengsl vinnutíma við aukið jafnrétti og aukin lífsgæði vísa til skilgreininga, sem greint hefur verið frá hér að ofan, og segja að hugmyndir um lífsgæði byggist á samspili huglægra og hlutlægra þátta og möguleikum fólks til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika í samspili við þau einstaklingsbundnu lífsskilyrði sem hafa áhrif á heilsu og heilbrigði.

Skýrsluna í heild má nálgast hér:

https://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/karlar_og_jafnretti_skyrsla_m_tillogum_18ap2013.pdf

Með vísan til þess sem rakið er úr skýrslunni um karla og jafnrétti hér fyrir ofan tekur Jafnréttisstofna undir frumvarp það sem hér er til umsagnar Jafnréttisstofa telur að stytting vinnuvikunnar í 35 klukkustundir úr 40 yrði skref til góðs fyrir alla, konur og karla og börn. Stytting vinnuvikunnar myndi auka lífsgæði og bæta möguleika karla og kvenna til þess að samræma ábyrgð sína gagnvart fjölskyldu (börnum, foreldrum, systkinum o.s.frv.) og skyldur sínar í atvinnulífinu. Jafnframt myndi styttri vinnuvika gefa fólki betri tækifæri til þess að gera fleira sem hugur þess stendur til að vinnudegi loknum.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum og athugasemdum um efni umsagnarinnar og er tilbúin til þess að koma á fund velferðarnefndar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur